

34. stjórnarfundur KRAFT var haldinn kl. 18.00 14. desember 2012 á skrifstofu sambandsins. Mætt: Sigurjón, Guðjón, Kári, Óskar Ingi, Auðunn, Hulda og Gry. Birgir boðaði forföll.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt. Stjórnin þakkaði Gry fyrir sínar fundargerðir.

2. Viðbrögð við atviki á Bikarmóti KRAFT. Á Bikarmóti KRAFT þann 22. nóvember sl. átti það atvik sér stað að keppandi Gróttu tók í misgripum drykkjarflösku sem hann hélt sína og drakk af. Innihald drykkjarflöskunnar var ammóníak. Drykkjarflaskan sem innihélt ammóníakið bar ekki neinar merkingar í þá veru að innihaldið væri ammóníak og því hættulegt efni til neyslu heldur var hér um að ræða Gatorade flösku. Umrædd Gatorade flaska með ammóníakinu var í eigu og umsjón liðsmanna KFA. Gróttu hefur sent stjórninni bréf dags. 29. nóvember þar sem farið er fram á að stjórn KRAFT taki málið til meðferðar og grípi til viðeigandi úrræða. Enn fremur hefur KRAFT fengið í hendur skýrslu lögreglu og leitað eftir skriflegum viðbrögðum KFA vegna framangreinds tilviks. Engin viðbrögð hafa borist frá KFA þrátt fyrir bæði skriflega og munnlega ítrekun. Stjórnin fór yfir framangreind gögn og atburðarás. Eftir nokkrar umræður samþykkti stjórnin eftirfarandi:

”Á Bikarmóti KRAFT þann 22. nóvember sl. átti það atvik sér stað að keppandi Gróttu tók í misgripum drykkjarflösku sem hann hélt sína og drakk af. Innihald drykkjarflöskunnar var ammóníak. Drykkjarflaskan sem innihélt ammóníakið bar ekki neinar merkingar í þá veru að innihaldið væri ammóníak og því hættulegt efni til neyslu heldur var hér um að ræða Gatorade flösku. Umbúnaður og varsla eiganda og umsjónarmanns umræddrar ammóníaksflösku var því vítaverður og til þess fallinn að valda slysi eins og umrætt atvik sannar. Til að koma í veg fyrir að slíkt atvik sem hér um ræðir endurtaki sig hefur stjórn Kraftlyftingasambands Íslands samþykkt í dag eftirfarandi viðbót við 7. gr. Reglna um mótahald:

”Notkun ammóníaks í fljótandi formi er bönnuð á mótum á vegum aðildarfélaganna Kraftlyftingasambands Íslands. Ammóníak sem er ekki í fljótandi formi er leyflegt en verður að vera í greinilega merktum umbúðum. Viðurlög við broti á ákvæði þessu eru ákveðin af aganefnd KRAFT. Þau geta verið allt að eins árs keppnisbann frá þeim tíma sem viðkomandi keppni fór fram.”

Auk framangreinds var samþykkt að rita bréf til Kraftlyftingafélags Akureyrar (KFA) þar sem ofangreind samþykkt er tíunduð auk þess sem KFA er áminnt um ábyrgð sína á keppendum félagsins og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við mótahald og keppni. Einnig samþykkt að rita Kraftlyftingadeild Gróttu bréf og gera grein fyrir aðgerðum í kjölfar atviksins á Bikarmótinu.

Aðgerð: Helga Haukssyni verður falið að ganga frá endanlegum texta til breytingar á reglugerð. Gry og Sigurjón semja bréfin tvö og koma þeim á framfæri.

3. Mót í klassískum kraftlyftingum. Lögð var fram tillaga um að haldið yrði Íslandsmeistaramót í klassískum kraftlyftingum 2013. Eftir nokkra umræðu var tillagan dregin til baka.

Hulda Pjetursdóttir vék nú af fundi þar sem hún var tímabundin.

4. Fjárhagsáætlun 2013. Kári og Sigurjón fengu umboð til að vinna áfram í gerð fjárhagsáætlunnar næsta árs þá þegar fjárlög hafa verið samþykkt á Alþingi og ljóst er hverjar tekjur sambandsins á árinu 2013 muni verða. Samþykkt var að greiða Grétari Hrafnssyni landsliðsþjálfara dagpeninga að upphæð kr. 250.000 vegna ferðakostnaðar hans á árinu 2012. Enn fremur var rædd nauðsyn þess og samþykkt að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2013 verði gert ráð fyrir greiðslur til landsliðsþjálfara vegna starfa hans og kostnaðar svo og að lagðir verði til hliðar fjármunir til að standa áfram og styrkja þjálfaramenntun þá sem hófst á þessu ári í samstarfi við Dietmar Wolf landsliðsþjálfara Noregs. Sigurjóni og Kára Rafni var gefið umboð til að nýta fjárhæð í fjárhagsáætlun 2012 til að koma upp

tölvubúnaði, símatengingu og öðru sem nauðsynlegt er til að sambandið hafi yfir að ráða fullnægjandi skrifstofuaðstöðu í herbergi því sem það leigir í húsnæði ÍSÍ í Laugardal.

5. Kraftlyftingahringur 2013

Ákveðið var að halda þingið 19. janúar 2013.

Aðgerð: Gry boðar til þings eins og lög gera ráð fyrir

5. NPF.

Undirbúningur að Norðurlandamóti unglunga stendur yfir. Lögð fram og samþykkt tillaga að skiptingu verka og ábyrgðar. Finna þarf hentugra mótstað.

Aðgerð: Gry gengur frá og sendir út plan um verkaskiptingu. Sigurjón og Guðjón athuga með aðstöðu fyrir mótið í húsnæði Fatlaðra og lamaðra.

6. Græjumál.

Kanna þarf hvaða tæki eru til í landinu fyrir mótið. Kanna þarf hverjir vilja nota afsláttartilboð Eleiko í tengslum við mótið.

Aðgerð: Óskar Ingi græjar græjumálin.

7. Kraftlyftingamenn ársins 2012.

Samþykkt að Auðunn Jónsson og María Guðsteinsdóttir hljóti þennan heiður.

Aðgerð: Gry kemur þessu til skila.

Ekki fleira gert.

Fundi slitið kl. 20.00

Fundarritari: Gry Ek